

hafi í janúar 1938 ekki verið svo heill heilsu, að hann hafi verið fær um að ráðstafa fjárhagslegum og persónulegum hagsmunum sínum, þá þykir fullnægt skilyrðum 10. gr. laga nr. 80/1969 og 126. gr. laga nr. 85/1936 til þess að forstöðumaður Rannsóknastofu Háskólans svari spurningunum: „Hvaða ályktanir verða dregnar af þeim gögnum, sem þér hafið aðgang að, um líkamlegt heilsufar Einars Benediktssonar á dánardægri hans?“ „Hvert hafi verið banamein Einars Benediktssonar, skálds, svo og hvort hann hafi verið haldinn ellihrumleika og ef svo hafi verið, þá á hve háu stigi?“

Því úrskurðast, að forstöðumanni Rannsóknastofu Háskólans, dr. Jónasi Hallgrímssyni lækni, er skylt að svara ofangreindum spurningum.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Forstöðumanni Rannsóknastofu Háskólans, dr. Jónasi Hallgrímssyni lækni, er skylt að svara spurningunum: „Hvaða ályktanir verða dregnar af þeim gögnum, sem þér hafið aðgang að, um líkamlegt heilsufar Einars Benediktssonar á dánardægri hans?“ „Hvert hafi verið banamein Einars Benediktssonar, skálds? Hvort hann hafi verið haldinn ellihrumleika og ef svo hafi verið, þá á hve háu stigi?“

Þriðjudaginn 27. nóvember 1979.

Nr. 10/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkis-saksóknari)

gegn

Bárði Jónasi Jakobssyni

(Árni Guðjónsson hrl.).

Líkamsmeiðingar. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar refsingu og ökuleyfissviptingu og ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Af gögnum máls þykir ljóst, að ákærði hafi eigi sýnt næga árvekni og aðgæslu og ekið of hratt miðað við aðstæður á slyssað.

Fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu ákæruvalds, að fallist væri á þá úrlausn héraðsdómara, að verknaðarlýsing í ákæruskjali eigi ekki undir 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og væri því fallið frá ákæru fyrir brot á því lagaákvæði.

Þykir brot ákærða varða við lagaákvæði þau, er í héraðsdómi greinir, þó svo, að 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga á hér ekki við, en 1. mgr. 37. gr. laganna tæmir sök, eins og hér stendur á.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar, þó svo, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, 80 000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Bárður Jónas Jakobsson, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur,

og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. febrúar 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 15. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 66/1978: Ákærvaldið gegn Bárði Jónasi Jakobssyni, sem tekið var til dóms 25. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. júní 1976, á hendur ákærða, Bárði Jakobssyni hæstaréttarlögmanni, áður að Búðargerði 1 í Reykjavík, nú að Ásbraut 9 í Kópavogi, fæddum 29. mars 1913 í Bolungarvík, „fyrir að aka mánudaginn 12. maí 1975 bifreiðinni R 33183 eftir Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði á miklum hraða og án nægilegrar aðgæslu með þeim afleiðingum, að drengurinn Halldór Brynjarsson, fæddur 27. júní 1962, sem átti leið yfir nefnda götu við Hjallabraut, varð fyrir bifreið ákærða og hlaut af mikil meiðsli.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., a og 1 liði 3. mgr., sbr. 1. mgr. 49. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 12. maí 1975, klukkan 1508, var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um umferðarslys á mótum Reykjavíkurvegar og Hjallabrautar þar í bænum.

Tveir lögreglumenn fóru á vettvang, og samkvæmt skýrslu annars þeirra hafði drengur á reiðhjóli orðið fyrir fólksbifreiðinni R 33188 á mótis við gatnamót Reykjavíkurvegar og Hjallabrautar. Hafði bifreiðinni verið ekið suður Reykjavíkurveg, og er hún kom að mótum Reykjavíkurvegar og Hjallabrautar, lenti drengur fyrir bifreiðinni. Lá drengurinn á hinum hluta götunnar, þegar lögreglumennirnir komu á staðinn, en skömmu síðar kom sjúkrabifreið, sem flutti hann á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík.

Ökumaður bifreiðarinnar R 33138 var ákærði, Bárður Jónas Jakobsson. Hann skýrði svo frá á vettvangi, að hann hefði ekið suður Reykjavíkurveg í röð bifreiða á 55—65 km hraða, og er hann kom að áðurgreindum gatnamótum, hefði drengurinn skyndilega hjólað inn á götuna, lent á hægri framhorni bifreiðarinnar og kastast upp á vélarlok hennar og brotið framrúðuna. Kvaðst ákærði þá hafa sveigt til vinstri og hafi vinstra afturbrettið á bifreið hans rekist í umferðarmerki, áður en hann gat stöðvað bifreiðina, en hún stöðvaðist handan gatnamótanna.

Á bifreiðinni voru hægri frambretti dældað og rispað, höggvari dældaður, framrúða brotin og vinstra afturbretti dældað og rispað. Reiðhjólið var allt skakkt og brotið, og einnig urðu skemmdir á umferðarmerkinu.

Þegar slysið átti sér stað, var bjart og malbikað yfirborð götunnar blautt. Hemlafi voru ekki sjáanleg eftir bifreið ákærða.

Drengurinn, sem meiddist í þessu slysi, heitir Halldór Benjamín Brynjarsson og er fæddur 27. júní 1962. Um meiðsli hans segir svo í vottorði Tryggva Þorsteinssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, dagsettu 20. febrúar 1976:

„Þann 10.05.75, kl. 15.20, var komið með framangreindan Halldór hingað á Slysadeild Borgarspítalans vegna meiðsla, sem hann hafði orðið fyrir í umferðarslysi skömmu áður.

Tildrög voru þau, að drengurinn var á hjóli í námunda við heimili sitt í Hafnarfirði og varð þá fyrir bil og kastaðist af hjólinu. Drengurinn mun hafa misst meðvitund við höggið, og hann mundi ekki eftir slysinu, þegar hingað kom.

Skoðun:

Vel vakandi og skýr í svörum. Engin einkenni um meiri háttar heilahristing, nema hvað hann mundi ekki eftir atvikum slyssins. Drengurinn kvartaði um þrautir í vinstra læri, og við skoðun sáust greinileg broteinkenni ofan við miðjan lærlegg með styttingu og skekkju á lærinu. Fleiður og mar var á hnakka og dálítill skurður á hæ. ökla. Engin einkenni voru um lost og blóðþr. og púls voru innan eðlil. marka.

Teknar voru röntgenmyndir af höfuðkúpu, en ekki sáust áverkamerki. Röntgenmyndir voru teknar af hæ. ökla. Kom í ljós minni háttar hrufl á beinhimnu neðst á öklabeini innanfótar (avulsio) á periosti, en engin merki um brot eða instabilitet. Þá voru teknar röntgenmyndir af hægri lærlegg, og sást þverbrot í gegnum legginn, ca 8 cm neðan við trochanter minor. Tals-

verð skekkja var í brotinu, og gengu brotendar á víxl um 4 cm, og 30° hornskekkja var milli brota.

Að rannsókn lokinni var drengurinn lagður inn á Slysadeild Borgarspítalans og vi. ganglimur settur í heftiplástursstrekk og á Böhler-Braun skinnu.

Brotið gréri fljótt og vel í viðunandi situs. Fylgst var með brotinu á venjulegan hátt með röntgenmyndatöku.

Þann 16/6 var drengurinn tekinn úr strekknum, og daginn eftir fékk hann að fara fram úr með hækjur. Drengurinn var hér áfram og lærði að ganga um á hækjum og styrktist vel, og var hann útskrifaður þann 28. 6. 1975.

Eftir það kom drengurinn áfram til eftirlits á Slysadeild Borgarspítalans.

Þann 18. 7. voru teknar röntgenmyndir, sem sýndu, að nú var komin mikil bein-nýmyndun, og var drengnum nú leyft að fara að stíga í fótinn.

Við eftirlit þann 16. 12. s.l. var drengurinn orðinn óhaltur, og röntgenmynd, sem nú var tekin, sýndi, að brotið var gróið.

Síðast kom Halldór til eftirlits þann 10. 2. s.l. Var hann alveg einkennalaus, óhaltur, og hafði engin óþægindi frá fætinum. Engin mælanleg stytting var á lærlegg og rotationsstaða var sömu-leiðis eðlileg.

Var hann nú útskrifaður.

Enda þótt nokkuð sé í land, að drengurinn hafi náð sér að fullu og geti stundað leikfimi og íþróttir, er engin ástæða til að ætla annað en að hann muni ná sér að fullu eftir þetta meiðsli sitt og þannig ekki hljóta neina örorku eða annað mein af því.“

Ákærði skýrir svo frá við meðferð málsins, að ákæran sé röng, og kannast hann ekki við að hafa ekið á miklum hraða og án nægilegrar aðgæslu greint sinn. Þá segir ákærði, að drengurinn hafi ekki orðið fyrir bifreiðinni, hann hafi sjálfur ekið á hana.

Ákærði kveðst hafa ekið bifreiðinni R 33138 á milli kl. 14 og 15 greindan dag frá þáverandi heimili sínu í Reykjavík áleiðis til Hafnarfjarðar.

Ákærði kveðst hafa verið vel fyrir kallaður við aksturinn og telur sig hafa ekið á eðlilegum umferðarhraða, en bæði á undan honum og á eftir voru sín hvor bifreiðin, og var bilið á milli þeirra nokkuð jafnt allt frá Engidal. Ákærði getur ekki upplýst nákvæmlega um ökuhraðann, þegar slysið átti sér stað, en segir hann hafa verið hinn sama og áður.

Stuttu áður en ákærði kom að gatnamótum Hjallabrautar, sá hann tvo drengi með hjól, og voru þeir staddir á tengibraut, sem liggur í boga frá Hjallabraut inn á Reykjavíkurveg. Voru þeir rétt við Reykjavíkurvegin. Ákærði átti enga von á því, að drengirnir færu inn á Reykjavíkurvegin, og hélt því áfram ferð sinni án þess að hægja hana og með áþekku bili á milli bifreiðarinnar og bifreiðarinnar á undan. Næst gerist það, að ákærði veit ekki fyrri til en að annar drengurinn skellur á hægri frambretti bifreiðarinnar við hægri framhjól. Segir ákærði, að það hafi aðeins verið annar drengjanna, sem lagði af stað inn á Reykjavíkurvegin.

Vitnið Halldór Benjamín Brynjarsson nemandi, Smiðjustíg 2 í Hafnarfirði, skýrir svo frá, að það hafi ætlað að hjóla yfir Reykjavíkurvegin frá Hjallabraut yfir á Hjallahraun. Segir það, að ljósleit bifreið hafi stöðvað fyrir sér og það því hjólað yfir Reykjavíkurvegin fyrir framan hana, en þá hafi önnur bifreið ætlað fram úr henni og ekið á sig. Vitnið var með öðrum dreng, og var hann búinn að hjóla yfir Reykjavíkurvegin.

Vitnið man ekkert eftir sér, frá því bíllinn skall á því, þar til það rankaði við sér síðar sama dag á sjúkrahúsi. Vitnið man ekki, hvort bifreiðinni, sem ók á það, var ekið hratt.

Vitnið Gunnar Svavarsson nemandi, Tjarnarbraut 15 í Hafnarfirði, skýrir svo frá, að það hafi verið á leið úr Norðurbæ Hafnarfjarðar yfir í Suðurbæinn við mót Hjallahrauns, Reykjavíkurvegar og Hjallabrautar. Hjólaði vitnið yfir Reykjavíkurvegin á undan Halldóri, en engar bifreiðar voru í nánd. Þegar vitnið var komið yfir, stansaði það og leit til baka. Sá það þá Halldór hjóla af stað yfir götuna eftir að hafa litið í vesturátt. Vitnið tók ekki eftir því, að nein bifreið kæmi á undan þeirri, sem olli slysinu, og gæfi Halldóri tækifæri til að fara yfir götuna með því að hægja ferðina eða beygja inn í hliðargötu frá Reykjavíkurvegi. Hins vegar sá vitnið bifreiðina, sem olli slysinu, þar sem hún kom, að vitninu virtist, á mikilli ferð. Ekki tók vitnið eftir því, hvort bifreiðinni var hemlað, áður en hún og drengurinn rákust saman. Þá tók vitnið ekki eftir, hvort bifreiðin ók á drenginn eða drengurinn hjólaði á hana. Vitnið kveðst hafa heyrt hemlahljóð í bifreiðinni, um það leyti sem áreksturinn varð, og fannst vitninu það mikið.

Vitnið Ægir Vopni Ármannsson verslunarmaður, Rauðalæk 69 í Reykjavík, kveðst hafa verið stött í bifreið á Hjallabraut við

mót Reykjavíkurvegur og beðið færís á að aka inn á Reykjavíkurveginn.

Vitnið sá tvo drengi bíða færís að komast yfir Reykjavíkurveginn frá Hjallahrauni yfir á Hjallabraut. Voru þeir báðir með reiðhjól. Þá sá vitnið hvíta bifreið aka suður Reykjavíkurveg og beygja vestur Hjallabraut. Jafnframt ók önnur bifreið á mjög mikilli ferð fram úr hvítu bifreiðinni og á annan drenginn, sem kominn var út á götuna. Ekki man vitnið, hvort hinn drengurinn var þá kominn yfir götuna eða varð eftir. Vitnið ímyndar sér, að hraði bifreiðarinnar, sem olli slysinu, hafi vart verið undir 80 km. Segir vitnið, að drengurinn hafi lent uppi á vélarhúsi bifreiðarinnar, skolið í framrúðu hennar og síðan kastast upp á þakið og runnið aftur fyrir hana.

Vitnið Jón Sigurðsson iðnnemi, Brekkuhvammi 8 í Hafnarfirði, var greint sinn farþegi í bifreiðinni hjá Ægi Ármannssyni, og biðu þeir færís á Hjallabraut að aka inn á Reykjavíkurveg. Sá vitnið tvo drengi, sem ætluðu auðsjáanlega frá Hjallahrauninu yfir Reykjavíkurveg og inn á Hjallabraut. Um svipað leyti var ljósleitri bifreið ekið suður Reykjavíkurveg og beygt vestur Hjallabraut. Á sama tíma kom önnur bifreið á töluvert mikilli ferð á eftir ljósleitu bifreiðinni og fram hjá henni, þar sem hún var að beygja. Skipti þá engum togum, að bifreiðinni var ekið á annan drenginn, sem kastaðist upp á bifreiðina og yfir hana. Hinn drengurinn var þá kominn yfir götuna. Vitnið telur, að hraðinn á bifreiðinni, sem olli slysinu, hafi verið 70—80 km, og er vitnið öruggt á því, að henni var ekið hraðar en bifreiðum barna almennt.

Vitnið Sverrir Már Albertsson nemandi, Sléttahrauni 16 í Hafnarfirði, var farþegi í bifreiðinni hjá vitninu Ægi Vopna.

Vitnið sá Fiat bifreið aka suður Reykjavíkurveg á mikilli ferð, og norðan við mót Hjallahrauns ók bifreiðin fram úr annarri bifreið og á ungan dreng á hjóli, sem var að fara yfir Reykjavíkurveginn á eftir öðrum dreng, sem slapp yfir götuna, en hann var einnig með hjól. Vitnið treystir sér ekki til að fullyrða um hraða bifreiðarinnar, en hún var að aka fram úr.

Vegna framburðar vitnanna Ægis Vopna og Jóns um það, hvaðan drengirnir komu, gáfu þeir nýjar skýrslur fyrir dómnum.

Vitnið Ægir Vopni kveðst hafa verið statt á Hjallabrautinni, hægra megin á akbrautinni við biðskyldumerkið, og beðið færís á að komast yfir Reykjavíkurveginn yfir á Hjallahraun.

Vitnið kveðst hafa verið að fylgjast með umferðinni og séð þá drengina út undan sér. Kveðst vitnið hafa skynjað staðsetningu drengjanna, þegar það sá þá þá fyrst, eins og þeir væru að fara frá Hjallahrauni yfir á Hjallabraut. Vitnið vill þó ekki neita því, að því kunni að hafa missést í þessu efni.

Vitnið segir, að það, sem sérstaklega sitji í sér í sambandi við slysið, sé það, þegar drengurinn varð fyrir bifreiðinni. Vitninu fannst drengurinn verða fyrir vinstra horni bifreiðarinnar. Vitnið er spurt að því, hvort drengurinn hafi ekið á bifreiðina eða hún á hann. Segir vitnið, að bifreiðin hafi ekið á drenginn, en ekki öfugt. Er vitnið alveg öruggt á þessu og engin spurning í huga þess um þetta atriði.

Vitnið sá í dóminum uppdrátt af slysstað og sýndi dómaranum staðsetningu sína á Hjallabrautinni og það, hvaðan drengurinn kom. Var þetta í samræmi við framburð vitnisins.

Vitnið Jón segist hafa setið frammi í bifreiðinni hjá Ægi Vopna, og stóð bifreiðin á Hjallabrautinni, sunnan við umferðar-eyjuna og beið færís að komast yfir á Hjallahraunið.

Vitninu var sýndur uppdrátturinn af slysstað og það beðið að sýna, hvaðan piltarnir komu. Vitnið sýndi, að piltarnir hefðu komið yfir Reykjavíkurvegin frá austri til vesturs áleiðis yfir á Hjallabraut.

Vitnið getur ekki munað betur en drengirnir hafi verið á áðurgreindri leið. Vitnið kveðst hafa skynjað sjálft slysið á þá leið, að bifreiðin hafi ekið á drenginn, en ekki, að hann hafi ekið á bifreiðina. Þá skynjaði vitnið slysið þannig, að drengurinn kastaðist upp á húddið og yfir bifreiðina og aftur fyrir hana.

Vitnið vill ekki fullyrða, að það sé óhugsandi, að drengirnir hafi verið á öfugri leið við það, sem vitnið hefur borið. Hins vegar kveðst vitnið vera öruggara á því en þessu atriði, að bifreiðin ók á drenginn, en ekki hann á hana.

Vitnið Guðmundur Rúnar Guðmundsson lögreglumaður, Álfa-skeiði 35 í Hafnarfirði, gerði skýrsluna um afskipti lögreglunnar af málinu og hefur staðfest hana fyrir dóminum. Þá sá vitnið uppdrátt, sem starfsbróðir þess gerði af vettvangi, og telur hann réttan.

Vitnið man ekki eftir að hafa kannað sérstaklega, hvar drengurinn lenti fyrst á bifreiðinni, en bendir á, að samkvæmt uppdrætti af slysstað megi ætla, að hann hafi fyrst lent á hægra frambretti.

Vitnið Theódór Þráinn Bogason lögreglumaður, Hjallabraut 35

í Hafnarfirði, gerði uppdrátt af vettvangi og hefur staðfest fyrir dóminum, að hann sé gerður eftir bestu vitund.

Vitnið Eðvar Ólafsson rannsóknarlögreglumaður, Fögrukinn 23, Hafnarfirði, kom á vettvang. Sá vitnið uppdráttinn af vettvangi í dóminum og sá ekkert athugavert við hann, en treysti sér þó ekki til þess að fullyrða, hvort hann væri réttur. Þetta vitni tók ljósmyndir af vettvangi og lét dóminum þær í té.

Vitnið Sigurður Bjarnason Sigurðsson bifreiðaeftirlitsmaður, Laugarnesvegi 86 í Reykjavík, skoðaði bifreiðina eftir slysið og gerði skýrslu um skoðun sína á henni. Vitnið hefur staðfest þessa skýrslu sína fyrir dóminum.

Í skýrslu vitnisins segir svo m. a.:

„Við skoðun og reynslu í akstri kom í ljós, að hemlar og stjórn-tæki voru í lagi. Rúður hreinar, sem heilar voru. Sumarbarðar á öllum hjólum í lagi.

Bifreiðin R-33183 er Fiat 125 fólksbifreið, árgerð 1972, með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði.“

Ákærða var í maí 1976 boðið að ljúka málinu með dómssátt, en hann hafnaði því.

Með hliðsjón af framburði vitna þeirra, sem voru að slysinu, þykir sannað þrátt fyrir framburð ákærða, að hann hafi ekið óhæfilega hratt miðað við það, að hann ók um gatnamót í þéttbýli, og hafi hann eigi sýnt næga aðgæslu við aksturinn. Þykir ákærði með þessari háttsemi sinni eiga að hluta sök á því, að drengurinn varð fyrir bifreið hans og hlaut mikil meiðsli, sem nánar voru rakin hér að framan. Þá þykja skemmdir á bifreið ákærða og framburðir vitna benda til þess, að ákærði hafi ekið á drenginn, en ekki hann á bifreiðina. Framburðir vitnanna Ægis Vopna og Jóns varðandi leið drengsins eru að vísu á aðra leið en annað það, sem fram er komið í málinu um það atriði. Þrátt fyrir það þykir ekki ástæða til þess að hafna framburði þeirra um mikinn hraða á bifreið ákærða, þegar slysið átti sér stað, enda er það í samræmi við framburði fleiri vana.

Háttsemi ákærða er rétt færð til refsíákvæða í ákærinni að öðru leyti en því, að 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga á ekki við um háttsemi hans, þar sem hann er ekki ákærður fyrir að aka yfir lögleyfðan hámarkshraða, enda ósannað, á hverjum hraða ákærði hafi verið, þótt ætla megi, að hann hafi ekið yfir lögleyfðan hámarkshraða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1947 20/8 Reykjavík: Dómur lögregluréttar: 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarstjórn.
- 1974 6/9 Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 24. gr., 25. gr., 26. gr., 37. gr., og 45. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 8/4 1974.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 4 daga.

Þá þykir ákærði með akstri sínum hafa unnið sér einnig til þess að verða sviptur ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 2 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Bárður Jónas Jakobsson, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 4 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 2 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnaralaun til skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.
